

Skútustaðahreppur
b/t Guðjón Vésteinsson
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 1. mars 2019
UST201902-060/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 - Kröflulína 3

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins Skútustaðahrepps er barst 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu fellst í breyttri legu Kröflulínu 3 og fjórum nýjum efnistökusvæðum hennar vegna. Við hönnun línunnar og umhverfismat hennar var valin línuleið sem víkur frá aðalskipulaginu næst Kröflu auk þess sem óveruleg breyting er á legu línunnar um 6-7 km austan Kröflusvæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti Skipulagsstofnun umsögn 24.apríl 2017 á frummatskýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir Kröflulínu 3, skv. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og vill stofnunin taka það fram að sú sjónarmið sem koma þar fram eiga ennþá við m.a. þar sem stofnunin leggur til að Kröflulína 2 verður færð eins og kostur er í fyrirhugað línustæði fyrir Kröflulínu 3.

Efnisnámur

Í greinargerð kemur fram að þörf fyrir jarðefni vegna uppbyggingar flutningslínunnar verður mætt með efni úr nánum sem skilgreindar eru í aðalskipulagi en þörf er fyrir fjórar námur til viðbótar.

Umhverfisstofnun telur að námur 523 -E og 524-E séu á hraunminjum sem falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að engin náma er fyrirhuguð í jarðmyndun sem telst sjaldgæf eða hefur verndargildi skv. náttúruverndarlögum.

Í frummattskýrslu vegna Kröfluvirkjunar 3 unnin af Eflu fyrir Landsnet í mars 2017 segir um námu 523 -E: „*Náman er í suðurenda jökuluðningshryggjar á Mývatnsöræfum austan við Móa. Skiptast á hraungúlar og laus jarðvegur, ýmist mold eða sandur. Má sjá melgresi, smágert gras, holurt og skeggsanda.*“ og um námu 524 -E segir: „*Náman er utan í Glæðuási austanverðum. Á yfirborði er ýmist veðrað móberg eða kápa af jökuluðningi. Á námusvæðinu er gróður gisinn. Finn foksandur liggur á milla steina, stöku grastoppar, einkum túnvingull og melgresi. Allstórar lambagrasþúfur. Vegslóð liggur um helluhraun með sanddældum. Þar eru víða melgresispúfur og stöku túnvingulstoppar.*“

Umhverfisstofnu telur að umhverfisáhrif vegna ofangreindra náma sé óveruleg, en þar sem svæðið er fjölbreytt telur stofnunin mikilvægt að jarðminjum sem hafa verndargildi verði ekki raskað við efnistöku. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að við frágang umræddra námasvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgast á vefsíðunni namur.is.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort skilyrði um sérstaka vernd sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint fer stofnunin fram á það, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að leyfisveitandi rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það við á. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur